

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 10. október 1978

um sjöttu breytingu á tilskipun ráðsins 73/241/EBE um samræmingu laga aðildarríkja
anna varðandi kakó- og súkkulaðivörur til manneldis

(78/842/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,
einkum 100. gr.,með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í a-lið 2. mgr. í II. viðauka við tilskipun ráðsins 73/241/EBE frá 24. júlí 1973 um samræmingu laga aðildarríkja varðandi kakó- og súkkulaðivörur til manneldis ⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 78/609/EBE ⁽⁵⁾, er kveðið á um að hinum nýju aðildarríkjum sé heimilt, til 31. desember 1977, að viðhalda, fyrir þær vörur sem settar eru á markað á yfirráðasvæðum þeirra, þeim landslögum sem voru í gildi þegar þau öðluðust aðild að bandalögunum, er heimila notkun á fosfórsýru, tilteknum bragðefnum og ýruefnum.

Í b-lið 2. mgr. fyrirnefnds viðauka er kveðið á um þann möguleika að bæta efnunum við I. viðauka fyrir 1. janúar 1978. Ný könnun á málinu leyfði hins vegar ekki slíka ákvörðun.

Í raun virðist sú tæknipróun sem orðið hefur síðan tilskipun 73/241/EBE var samþykkt benda til þess að ekki sé lengur raunveruleg þörf á fosfórsýru til að hlutleysa kakóvörur. Þó ber að gera ráð fyrir hugsanlegri endurskoðun á þessum málum fyrir 1. júlí 1981.

Þar til bandalagsákvæði um notkun bragðefna í matvælum hafa verið samþykkt ber að gera aðildarríkjunum kleift að halda áfram að nota önnur efni en þau sem eru skráð í a-lið 5. mgr. I. viðauka við tilskipun 73/241/EBE.

⁽¹⁾ Stj. tíð. EB nr. C 8, 10. 1. 1978, bls. 2.⁽²⁾ Stj. tíð. EB nr. C 108, 8. 5. 1978, bls. 16.⁽³⁾ Stj. tíð. EB nr. C 84, 8. 4. 1978, bls. 7.⁽⁴⁾ Stj. tíð. EB nr. L 228, 16. 8. 1973, bls. 23.⁽⁵⁾ Stj. tíð. EB nr. L 197, 22. 7. 1978, bls. 10.

Þó ber að taka ákvörðun fyrir 1. janúar 1983 um hvenær undanþágan fellur úr gildi.

Að lokum er aðildarríkjum heimilt, samkvæmt tilskipun ráðsins 74/329/EBE frá 18. júní 1974 um samræmingu á lögum aðildarríkja um ýru-, bindi-, þykkingar- og hleypiefni til notkunar í matvælum ⁽⁶⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 78/612/EBE ⁽⁷⁾, að leyfa, í fimm ár eftir birtingu hennar, notkun ýruefna sem talin eru upp í II. viðauka við tilskipun 73/241/EBE. Því ber að samþykkja sama tímabil fyrir síðarnefndu tilskipunina.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Tilskipun 73/241/EBE skal breytt sem hér segir:

a) fyrirsögn II. viðauka skal vera:

„Sérstakar ráðstafanir“

b) frá og með 1. janúar 1978 gildir eftirfarandi í stað 2. mgr. II. viðauka:

„2. a) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á ákvæði í landslögum sem voru í gildi þann 1. ágúst 1973 og leyfa notkun á:

i) fosfórsýru til að hlutleysa kakóvörur sem eru alkalíseraðar í samræmi við ákvæði 2. mgr. I. viðauka;

ii) bragðefnum, öðrum en þeim sem um getur í a-lið 5. mgr. I. viðauka, í kakó- og súkkulaðivörum sem um getur í þeirri málsgrein;

iii) pólýglýserólþólýrísínóláti, sorbítanmónósteráti, sorbítantrísteráti, pólýóxyetyleni (20) sorbítanmónósteráti og ammóníusöltum úr fosfatsýru í súkkulaði- og kakóvörur sem um getur í fyrstu undirgrein 6. mgr. I. viðauka.

⁽⁶⁾ Stj. tíð. EB nr. L 189, 12. 7. 1974, bls. 1.⁽⁷⁾ Stj. tíð. EB nr. L 197, 22. 7. 1978, bls. 22.

b) Undanþágan sem kveðið er á um:

- i) í i-lið a-liðar fellur úr gildi 30. júní 1981. Þó er ráðinu heimilt fyrir þann dag, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 100. gr. sáttmálans, að setja í I. viðauka efnið sem um getur í i-lið a-liðar. Eingöngu er heimilt að taka ákvörðun um að bæta þessu efni við í I. viðauka ef vísindarannsóknir hafa staðfest að það sé ekki skaðlegt heilsu manna og ef notkun þess er nauðsynleg af efnahagsástæðum;
- ii) í ii-lið a-liðar fellur úr gildi á þeim degi sem ráðið ákveður fyrir 1. janúar 1983 í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 100. gr. sáttmálans eða þegar bandalagsreglurnar þar sem leyfileg bragðefni til notkunar í matvæli eru skráð öðlast gildi;

- iii) í iii-lið a-liðar fellur úr gildi 20. júní 1979. Þó er ráðinu heimilt fyrir þann dag, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 100. gr. sáttmálans, að bæta við efnunum sem tilgreind eru í iii-lið a-liðar í fyrstu undirgrein 6. mgr. í I. viðauka.“

2. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 10. október 1978.

Fyrir hönd ráðsins,

R. OFFERGELD

forseti.